

Helgi Pjeturss. dr.

**FRAMFARIR, SEM
ORÐID GETA
EF PEKKINGAR
NYTI VIÐ**

LESBOK MORGUNBLAÐSINS 1946

I.

FYRIR ekki allfáum árum sá jeg þess getið, að breskir læknar væru farnir að hafa áhyggjur af því hve mjög trúin á hina svonefndu andalækna og andalækningar færi í vöxt þar í landi. Mun þó sú trú hafa ágerst eigi alllitið síðan, og nú er nýkomin út á íslensku bók um þann sem talinn er vera frægastur allra slíkra lækna. Bókin heitir „Undralæknirinn Parish, frásagnir um kraftaverk nútíma andalæknar“, og er eftir hinn kunna spítistaríthöfund M. Barbanell, en Sigrún Ólafsdóttir Haraldz (sonur sjera Haraldar heitins Nielssonar) hefir þýtt, og á hann að vísu þökk skilið fyrir það verk, því að bókin er fróðleg. Segir þar frá mörgum furðulegum lækningum, og mun það erfitt reynast að halda því fram, að þetta sje altsaman skáldskapur, eða jafnvel að mestu leytti. En hinsvegar er ekkert getið um þá mörgu, sem gera má ráð fyrir, að leitað hafi til undralæknisins árangurslaust. Margir hafa haldið, að ekki sje trúandi neinu af því, sem sagt hefir verið af undralækningum í kraftaverkabænum Lourdes á Frakklandi. Munu þó vera fyrir hendi vottorð lækna um mörg þessi „kraftaverk“, en einnig áreiðanlegar upplýsingar um það, að einungis örfáir af þeim mikla fjölda sjúklings, sem til kraftaverkaborgarinnar hafa leitað í von um að fá þar bót meina sinna, hafa læknaðir verið.

Vantar því mikið á, að svo vel

sje, sem vera þyrsti. enda ekki við öðru að búast, þar sem er í þessum efnum meir um trú að ræða en þekkingu. Menn hafa ennþá hvergi nærri gert sjer ljóst hvernig á undralækningunum stendur, og þá heldur ekki á orsökum þess, að þær bregðast svona oft.

II.

FRAMFARIR í læknisfræði hafa verið mjög miklar, einkum síðustu 100—150 árin, og þær framfarir hafa verið svo þýðingarmiklar, að án þeirra myndu mennirnir sem byggja jörðu vora, óefð vera nokkrum hundruðum miljóna færri en er. En þessar framfarir er að mjög miklu leyti að þakka aukinni þekkingu, á náttúrunni. Er sá þekkingarauki að nokkru leyti til orðinn fyrir starf manna sem sjálfir voru læknar, en þó einnig að mjög miklu leyti náttúrufræðingum sem ekki voru læknar. Er þar frægasta dæmið Pasteur, og uppgötvun hans á þessum smáverum, sem margar hverjar valda hinum háskalegustu veikindum. Er óhætt að segja, að læknarnir hafa verið fljótir að færa læknisfræðinni í nyt þær uppgötvunarir í náttúrufræði sem að liði gátu orðið. En þó er nú svo ennþá, að þrátt fyrir allar framfarir, og þrátt fyrir allan þann fjölda, sem á endurfengna heilsu sína, eða þá það, að þeir hafa ekki sýkst, hiðni visindalegu læknisfræði að þakka, þá er þó ennþá ekki betur komið en svo, að mjög margir, og það einmitt þeir sem helst þyrftu hjálpa-

arinnar með, fá enga bót meina sinna og verða að deyja kvalafullum dauða.

Örugglega má þó segja það sýtir, að þær framsarir geta orðið í læknisráði, að enginn þursi árangurslaust að leita hjálpar. Og það er sá möguleiki sem leynist undir hinnum svonefndu andalækningum. En áður en jeg sný mjer að því að skýra þetta nokkru nánar, ætla jeg að minnast á sumt stórfróðlegt og eftirtektarvert í þessari bók sem Sigurður Haralz hefir þýtt.

III.

„Hinn andlega lækningsakraftur Parish“ — segir í bókinni, s. 16 — „hefir náð heimsálfanna á milli“. Sjúklingar þeir, sem bót fengu meina sinna fyrir áhrif frá undralækninum, voru oft í öðrum heimsálfum.

Virðist ekki unnt að skýra þetta öðruvísi en svo, að einhver tegund orku geisli frá lækninum til sjúklinganna, svo að rjett sje að tala um lífgeislunarlækningar, Bioradioperapí. Parish hefir, að því er í bókinni segir, oft getað „ljóst nákvæmlega herbergjum sem hann hefir aldrei sjeð í sínum jarðneska líkama. Og fjölmargir sjúklingar (fjarri lækninum) hafa orðið fyrir því, að sálrænn skygnihæfileik Þeirra hefir opnast, og þeir hafa sjeð heilsugjafa sinn“.

Í sambandi við slíka hæfileika hafa menn talað um „astral“ferðalög og „travelling clairvoyance“, og má sýna fram á, að það er mis-

skilningur. En hinsvegar verður ekki með neinni skynsemd efast um það, að fjarskynjun á sjer stað. Dýrin, og á sjerstaklega eftirtektarverðan hátt, fuglarnir, hafa þessa hæfileika til að bera á miklu herra stigi en mennirnir, og meðal mannkynsins eru að þessu leyti fremstar þær þjóðættir sem annars eru síðri að andlegum þroska, svo að það sem nefnt er vit, virðist að nokkru leyti hafa þróast á kostnað þessara svonefndu dulrænu hæfileika, sem eru þó ekki dulrænir lengur en þangað til komið er framyfir tiltekið stig vanþekkingar. Hjá hvítum mönnum eru það heldur ekki mestu vitmennirnir, sem hafa slika hæfileika til að bera, þó að undantekningar megi nefna, eins og t.d. Njál og Swedenborg.

Jeg get um þessi efni talað af mikilli og erfiðri reynslu. Því að í mörg ár hefir dulrænumaður vitað til mína á þann hátt sem undralæknirinn er þarna sagður hafa vitað til sjúklinga sinna, og þeir stundum til hans. En í stað þess að Parish hefir notað hæfileika sína til að gera gott, þá hefir þessi kunningi miðn, af mestu þrákeljni beitt dulrænum gófum sínum til að reyna að gera mjer ilt. Og sakir þess hve illa menn hafa reynst mjer, hefir þetta verið mjer til stórbaga og tafar. Hafi jeg talað um þetta, í því skyni að fá ljett af mjer þungbæru böli, eins og svo auðvelt hefði verið, ef þessu tali mínu hefði verið rjett tekið, þá hefir mjer í þess stað verið gefið í

SKAL nú gerð nokkur tilraun til að greiða fyrir skilningi á því hvernig í staðinn fyrir hinum svo nefndu andlegu lækningar, sem eru „trúarlegs eðlis“ eins og haft er eftir undralækninum Parish í ból þessari um hann, gætu komið læknar ingar vísindalegs eðlis, sem aldrei byrftu að bregðast.

Pegað Gilbert um aldamótin 1600 gaf út bók um það sem hann nefndi ný vísindi (*nova philosophia*), þá fanst Baco lávarði fátt um og gerð lítið úr. Hann sjálfur ætlaði sjer með hinu fræga verki sínu *Novum organum*, að hefja nýja öld í vísindum. En Gilbert varð þó hlut skarpari. Því að þessi nýu vísindi er hann nefndi svo, og Baco gerð svo lítið úr, voru ekkert minna en upphaf rafmagnsfræðinnar, sem eins og kunnugt er, hefir gjörbreytt högum mannkynsins, og leitt til hinna óvæntustu framsara í eðlisfræði. Það má segja, að nokku líkt sje ástatt ennþá um líffræðin og um eðlisfræðina var, áður en þekkingin á rafmagninu kom til sögunnar. En þó má sjá fram að möguleika slíkrar þekkingar sem líffræðinni hefir áfátt verið, og hversu hún mundi verða áhrifa meiri til eflingar öllu mannlífi heldur en jafnvel rafmagnsfræðin. Slík vísindi mætti kalla lífmagnafræði, og væri þess hir mesta þörf, að þau yrðu ekki eins seinþroska og hin nýju vísindi Gilberts, rafmagnsfræðin, því að meiri en 200 ár liðu áður en þau vísindum komust verulega á framfaraleið.

skyn að jeg væri geðveikur, og ekkert mark takandi á því sem jeg segi. Er því þár til að svara, að menn eiga héldur að ástunda að vera ekki illgjarnari en þörf er á, og hyggja betur að því, að þeir styðji ekki níðingsverknað, eins og rjett er að nefna athæfi þetta gagnvart mjer. Það ætti ekki að vera torvelt þeim, sem vel eru greindir, að gera sjer alveg ljóst, að jeg er ekki á neinn hátt geðveikur. Geðveikir menn skrifa ekki eins og jeg, finna ekki ný náttúrulög-mál, og færa ekki út þekkinguna á lífi og heimi, eins og jeg hefi gert. Og svo ættu menn að geta látið sjer hugsast, að ef fjaráhrif geta orðið þannig frá manni til manns, að þau stórbæti líðan hans og heilsu far, — eins og þúsund dæmi sanna — þá er ekki ólíklegt að slík áhrif megi hafa einnig á hinn veginn. —

Engum, sem af fullri alvöru vill hugleiða tíðindi þessara síðustu ára, getur í rauninni blandast hugur um, að mannkyn vort er á vegi til glötunar. En að svo er, stafar fyrst og fremst af því, að þeim sem voru að vinna að því umfram alt, að auka svo skilninginn á tilverunni, að komist yrði á hina rjettu leið, hefir verið gert svo erfitt fyrir. Þeir hafa löngum, öðrum fremur átt sljóleik og illvild að mæta hjá samtíðarm. sínum. En enginn má ætla, að jeg muni verja jafnvel stuttri stund til að fást um slíkt, þegar hugarfarið gagnvart mjer hefir tekið þeim breytingum sem nauðsynlegt er, til að burtu verði rutt þeim hindrunum sem svo mjög hafa torveldað og tafið verk mitt.

Sá skilningur að lífið sje fram komið fyrir nokkurskonar magnan efnisins af utanaðkomandi orku, er mjög forn, og mun vera að rekja til Pypagorasar. En lítill gaumur hefir þeim skilningi verið gefinn, svo afaráriðandi sem hann er, og óyggjandi. Einhver kraftur er að reyna til að ná tökum á efninu og kemur fram í því sem líf. Á lífstoðvum eins og vorri jörð, hefir þessi tilraun aðeins ófullkomlega tekist, enn sem komið er, og á slíkum stöðum ræður helstefnan. Hver lífvera verður að gefast upp við að lifa, og deyr, hvort sem er af meiðslum, veikindum eða ellihörnun. En að tilraun takist er sama sem að komist sje á þá leið, að allri hrörnum verði lokið, og ekki dáið framar. Því að það er mikill misskilningur að halda, að tilgangur lífsins sje dauði, þó að svo virðist vera á þessari jörð og öðrum slikum. Auðvelt er að ganga úr skugga um það, að hinn lifandi líkami magnast af utanaðkomandi orku. Því að svefninn er slik magnan. Í svefni endurnýjast lífsorka líkamans, og hversu fróðlegt er að veita því eftirtekt að svefninn er miklu þýðingarmeiri fyrir viðhald lífsins heldur en sú næring sem í munn og maga er látin. Tilraunir hafa sýnt, að það tekur miklu lengri tíma fyrir dýr að verða hungurmorða, ef það fær að sofa, heldur en að deyja af svefnleysi þó að það fái nóg að jeta. Og mjög eftirtektarvert er það, að í dýrinu sem deyr úr hungri, hefir

heilinn aðeins rýtnað lítið, en bíði dýrið bana af svefnskorti, þá hefir heilinn til muna tærst.

Það sem nú ríður á, er að læra að auka lífmagnanina, auka svo lífmagn líkamans, að sóttir geti ekki bugað hann, og meiðsli, ef verða, grói ekki einungis vel, heldur einnig fljótt. Aukin þekking mun gera þetta mögulegt. Pyþagoras hafði rjett fyrir sjer þegar hann sagði, að lifið hjer á jörðu kæmi frá stjörnum, það er frá lífmagnaðri verum á öðrum jarðstjörnum alheimsins. Vjer hjer á jörðu, verðum að fá aukið samband við fullkomnari lífverur á stjörnum, svo að tilraunin til lífs fari hjer að takast. Og ef vjer hugleiðum þetta, verður auð skilið, hvers eðlis hinar svonefndu andalækningar eru. Það kemur greinilega fram í sögunum af slíku að undralæknirinn telur sig framkvæma kraftaverkin fyrir magnan frá æðri veru, eða verum, sem hann hyggur vera anda í andaheimi. Rjett hefir hann fyrir sjer um magnanina, en hinsvegar ekki í því, að hin magnandi vera sje andi; því að það er í raun rjettri um líkamlegan íbúa einhverrar annrarar jarðstjörnu að ræða. Samband vort við íbúa annara jarðstjarna, verð-

ur oss ljóst, ef vjer athugum nōgu gaumgæfilega eðli draumlífsins, og mjög áriðandi, ef öllu þessu máli á að geta orðið komið í rjett horf, er að þekkja stillilögmálið (law of determinants). Hugarfar manna og hegðun gagnvart öðrum þarf að komast í betra horf en nú er, ef vjer eignum að geta orðið hinn ar nauðsynlegu fullkomnari lífmagnanar aðnjótandi. Margt af því ótrúlega ljóta sem á styrjaldartínum gerist, er að rekja til þess, hve mjög samband mannkyns er þá við illa staði, og þá sem slíka staði byggja, og eins og jeg hefi fyrir löngu vakið eftirtekt á, þá fara hætturnar mjög í vöxt, á hnetti þar sem hinn svo afaráriðandi sann leikur um það, hvað þarf til þess að breytt geti orðið um frá helstefnu til lífstefnu, er kominn fram, en hefir ekki verið sinnt. Sinnuleysið gagnvart þeim sannleika, sem mest riður á að vita, hefir svo alveg sjerstaklega ill stilliáhrif.

Það er alveg rjett sem Adam Rutherford hefir sagt, að Ísland verði að hafa forustu í þessum efnum. Það er mannkynshlutverk hinnar íslenskú þjóðar. Það er svo oft verið að segja, að smáþjóð eins og Íslendingar geti engin áhrif haft á gang heimsviðburðanna. Slíkt er mikill misskilningur. Því að það eru ekki styrjaldir sem þarf til að koma mannkyninu á hina rjettu leið. Það er heldur hitt, að því stórkostlegri sem styrjaldirnar eru því fjær mun fara, að þær geti orðið upphaf þeirrar friðaraldar sem þarf að verða. Upphafið getur ekki orið neitt annað en sa aukni skilningur á tilverunni, að mannkyrið átti sig á því hvar á vegi það erstatt, og hvernig má taka aðra leið og betri.

Maí

Helgi Pjeturss.